Nr. 803 12. nóvember 2002

# AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 414/2001 um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. auglýsingar nr. 414/2001:

a. Við bætist málaflokkurinn 20 Framlög til B-hluta fyrirtækja.
b. Við bætist málaflokkurinn 27 Óvenjulegir liðir.
c. Heiti málaflokks 28 verður: Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

a. Undir málaflokki 09 bætist við rekstrareiningin 09-7 Lóðir og lendur.
b. Undir málaflokki 10 fellur niður rekstrareiningin 2 Nýbygging gatna (gatnagerð).
c. Við bætist málaflokkurinn 20 svohljóðandi:
   Framlög til B-hluta fyrirtækja.
   Framlög skulu sundurliðuð niður á hvert fyrirtæki sveitarfélags.
d. Við bætist í málaflokki 21 rekstrareining 21-3 Ónotaðar eignir.
e. Undir málaflokki 28 fellur niður rekstrareining 9 Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

a. Heiti undirtegundar 70 undir höfuðtegund 7 verður vaxta- og verðbótatekjur.
b. Heiti undirtegundar 71 undir höfuðtegund 7 verður vaxta- og verðbótagjöld.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 12. nóvember 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Garðar Jónsson.*